



Húnabyggð
Börkur Þór Ottósson
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduós

Garðabær, 29.4.2025

Málsnúmer: 202504-0035

IAS

Efni: Skipulagslýsing. Breytingar á aðalskipulagi Húnavatnshrepps vegna efnistökusvæðis við Hnjúk í Vatnsdal

Vísað er til erindis Húnabyggðar, dagsett 11. apríl 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Húnavatnshrepps vegna efnistökusvæðis við Hnjúk í Vatnsdal.

„Landeigandi að Hnjúki í samráði við Vegagerðina hefur óskað eftir því eftir því við Húnabyggð að gerð verði breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2012-2022 vegna skilgreiningu efnistökusvæðis. Breytingin er til komin vegna áforma landeigenda að hefja landmótun að Hnjúki og nýta efni sem til fellur í vegagerð og framkvæmdir við endurbyggingu hluta Vatnsdalsvegar og hluta Svínvetningarbrautar. Breyting á aðalskipulagi felast í því að nýtt efnistökusvæði er skilgreint að Hnjúki í aðalskipulagi.

Nýtt efnistökusvæði: • Hnjúkur, 20.000 m³, ný náma. Stærð svæðisins sem áformað er að raska vegna framkvæmda er um 1,25 ha að stærð.“

Náttúrufræðistofnun bendir á að fyrirhuguð náma er nálægt svæðinu Hóp-Vatnsdalur sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða, fugla og sela og svæðunum Hvammsurðir í Vatnsdal og Vatnsdaldhólar, sem eru á C-hluta náttúruminjaskrár vegna landslags.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar finnast votlendisvistgerðir með mjög hátt verndargildi í landi Hnjúks og er æskilegt að votlendisvistgerðum verði hlíft eins og hægt er séu þær til staðar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt til frekari athugasemda á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur